

**Nd.**

**275. Frumvarp**

til laga um ráðstafanir til varanlegs atvinnuauka.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórnin skal fyrir 1. ágúst 1933 bjóða út innanlands happdrættislán, allt að 3 milljónum kr., til 12 ára með eigi hærri ársvöxtum en 5%.

Helmingur vaxtanna, allt að 2½%, greiðist árlega skuldabréfaeigendum, en um hinn helminginn skal stofnað happdrætti, er allir skuldabréfaeigend-

ur eru þátttakendur í, og honum varið til að greiða happdrættisvinninga. Dregið sé um happdrættisvinningana eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Fyrstu tvö árin greiðist engin afborgun af láninu, en síðan skal einn tíundi hluti skuldabréfanna innleystur ár hvert. Skuldabréfin hljóði á nafn og séu lægst 25 kr., en hæst 5 þús. kr. Vextir af þeim og happdrættisvinningar skulu undanþegnir tekjuskatti. Ríkisstjórnin setur reglur um gerð skuldabréfanna, innlausn þeirra, tilhögun lánsútboðs og annað þar að lútandi, svo og um upphæð og fjölda happdrættisvinninga og allt, er lýtur að tilhögun happdrættisins. Jafnframt er bönnuð sala á erlendum happdrættismiðum og skuldabréfum annara happdrættislána hér á landi. Brot gegn þessu varða sektum frá 500—10000 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum.

#### 2. gr.

Lánsfé það, sem ríkissjóði áskotnast samkv. 1. gr., skal ríkisstjórnin lána sveitar- og bæjarfélögum og samvinnufélögum, sem stofna vilja til nýrra atvinnufyrirtækja, er sýnt þykir, að verði til varanlegs atvinnuauka, svo sem samyrkjufyrirtækja, báta- og skipakaupa til útgerðar, iðnaðarfyrirtækja, svo sem tunnugerðar, veiðarfæragerðar, hreyfivélagarðar og annars iðnaðar, er sérstaklega sé miðaður við þarfir landsmanna og innlent hráefni.

#### 3. gr.

Lán þessi skulu veitt eftir tillögum þriggja manna nefndar, er sé skipuð þannig: Einn tilnefndur Alþýðusamband Íslands, annan Búnaðarfélag Íslands og hinn þriðja Fiskifélag Íslands. Þau skulu veitt gegn 2. veðrétti í fyrirtækjunum og mega nema 45% af stofnkostnaði fyrirtækisins, en þó aldrei vera hærri en svo, að samanlögð 1. og 2. veðréttarlán nemi meiru en 95% stofnkostnaðar. Lánstími skal vera allt að 12 ár og fyrstu 1—2 árin afborganalaust, vextir 5% á ári og greiðast eftir á einu sinni eða tvisvar á ári.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Atvinnubætur í venjulegri merkingu eru einskonar bráðabirgðahjálp við vandræðum, sem vara skámmán tíma, og gera sem slíkar geysimikið gagn, ef rétt er á haldið. En mest gagn gera þær, ef þeim er hagað svo, að með þeim sé lagður grundvöllur að varanlegri framtíðaratvinnu. Einkum er þessa brýn þörf á krepputímum eins og nú, þegar atvinnufyrirtæki einstaklinga ganga úr sér og enginn kostur er endurnýjunar eða viðbótar á þeim, en fólksfjölgunin í landinu heldur áfram jafnt og þétt.

Með frv. þessu er ætlazt til þess, að tvennt vinnist í senn: að bætt sé úr augnabliks atvinnuskorti með vinnu við stofnun nýrra atvinnufyrirtækja, að svo miklu leyti sem hægt er að vinna að slíku hérlendis, og að lagður sé um leið grundvöllur varanlegs atvinnurekstrar.

Þau fyrirtæki, er flm. hafa helzt í huga, eru: útgerðarfyrirtæki, kaup eða smíði skipa og báta, samyrkjufyrirtæki, þar sem hentug skilyrði eru fyrir hendi, allskonar iðnaðarfyrirtæki, er vinni vörur, sem við þurfum nú að kaupa að, svo sem tunnur, veiðarfæri, hreyfivélar o. fl. o. fl., eða vinni úr efnum, er vér sjálfir framleiðum, svo sem fiski, sild, ull, kjöti, gærum, mjólk o. fl. o. fl.

Þar sem hér er eigi um að ræða fé, er verða eigi eyðslueyrir, heldur ganga til að stofna arðvænleg fyrirtæki í eigu almennings, þykir eigi ástæða til að afla þessa fjár með sköttum. Er því gert ráð fyrir, að ríkisstj. taki lán innanlands til þessara framkvæmda og hafi vexti nokkru hærri en innlánsvexti og úthluti nokkrum hluta þeirra sem happdrættisvinningum, til að gera skuldaþréfin útgengilegri. Hafa slíkar leiðir verið farnar víða erlendis við lántökur innanlands og þótt gefast vel.

Hiklaust má gera ráð fyrir, að erlendis verði auðfengið lánsfé fyrir miklum hluta þess, sem kaupa þarf erlendis frá, gegn öruggum 1. veðrétti í fyrirtækjunum. Alstaðar er atvinnuleysi, og alstaðar kappkosta þjóðirnar að auka útflutning sinn og greiða fyrir sölu til annara landa, t. d. með lánsfé, ef greiðsla er tryggð. Þykir því óhætt að gera ráð fyrir, að a. m. k. 55% af stofnkostnaði fyrirtækjanna fáist annarsstaðar frá sem framlag hlutaðeigenda og lán, og ætti þá að vera hægt að verja til stofnunar nýrra atvinnufyrirtækja í eign almennings um 6 millj. króna á næstu 2 árum og tryggja fjölda fólks varanlega framtíðaratvinnu.